

291. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 17. október 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**


Björn H Hilmarsson í fofröllum KH  
 Júníana Björg Óttarsdóttir  
 Friða Sveinsdóttir  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Björn, varamaður formanns bæjarráðs, setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundin. Óskaði hann eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 2. lið bréf frá Helen Billington og Eggerti Bjarnasyni. Var það samþykkt og að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**


- 1) **Kjörskrá fyrir alþingiskosningar þann 28. október 2017.**  
 Farið var yfir kjörskrá sem er nýkomin í hús frá Þjóðskrá Íslands.  
 Bæjarráð samþykkir samhljóða að fela bæjarstjóra að semja kjörskrá. Jafnframt er bæjarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 28. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.
- 2) **Bréf frá Helen Billington og Eggerti Bjarnasyni, dags. 16. október 2017, varðandi námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.**  
 Í samræmi við grein 4-c í reglum Snæfellsbæjar vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykkir bæjarráð samhljóða umsóknina fyrir haustönn 2017. Bent er á að samþykkið gildir einungis til áramóta. Jafnframt er það skýrt að samþykki bæjarráðs nær eingöngu yfir kostnað vegna skólavistar nemandans og mun ekki taka þátt í kostnaði við að koma barninu til og frá skóla.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20

  
 Björn H Hilmarsson

  
 Júníana Björg Óttarsdóttir

  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
 Friða Sveinsdóttir

  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari